

# Minnisblað

Til: Bæjarráðs Ísafjarðarbæjar  
Frá: Margréti Geirsdóttur  
Dags. 2. mars 2021  
Mnr. 2021030006



ÍSAFJARÐARBÆR

## Skipan starfshóps vegna frumvarps til laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna

Hér með er lögð fram tillaga um að Ísafjarðarbær skipi starfshóp til þess að bregðast við breytingu á lögum sem varða málefni barna og nýjum lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. Í undirbúningnum hefur vinnuheitið verið farsældarfrumvarpið <https://www.althingi.is/altext/151/s/0440.html>.

Markmið laganna er skv. 1. gr. frumvarpsins:

*Lögum þessum er ætlað að stuðla að farsæld barna. Meginmarkmið laganna er að börn og foreldrar sem á þurfa að halda hafi aðgang að samþættri þjónustu við hæfi án hindrana. Við framkvæmd laga þessara skulu réttindi barna tryggð í samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar sem Ísland hefur undirgengist, einkum samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins.*

*Deir sem bera ábyrgð samkvæmt lögum þessum skulu:*

- 1. Fylgjast með velferð og farsæld barna og foreldra og meta þörf fyrir þjónustu.*
- 2. Bregðast við þörf barna og foreldra fyrir þjónustu á skilvirkan hátt um leið og hún vaknar.*
- 3. Eiga samráð sín á milli með það að markmiði að þjónusta sé samfelld og samþætt í þágu velferðar og farsældar barna og foreldra*

Það má segja að frumvarpið sé opinber útfærsla á vinnubrögðum sem eiga rætur sínar í Borås í Svíþjóð en hafa verið tekin upp m.a. í Herning í Danmörku og síðar á Íslandi og þá á Fljótsdalshéraði og í Hafnarfirði. Hér er um að ræða snemmtækan stuðning sem hefur fengið ýmis nöfn í útfærslum hinna ýmsu sveitarfélaga hér á landi, sem ytra.

Snemmtækur stuðningur er:

1. Taka eftir og greina vísbendingar um að þörfum barns sé ekki mætt.
2. Bregðast við vísbendingum um að þörfum barns sé ekki mætt.
3. Leiðbeina um samþættingu og heimild til að vinna persónuupplýsingar.
4. Miðla upplýsingum til **tengiliðar** sem hefur samband við foreldra og barn.

Í grófum dráttum eru helstu áhersluatriði þau að gengið verður út frá stigskiptri þjónustu í þágu barna, þ.e. fyrsta, öðru og þriðja stigi með aðkomu tengiliða á fyrsta stigi en málstjóra á öðru og þriðja stigi.

**Fyrsta stig:** Grunnþjónusta og snemmtækur stuðningur. **Tengiliður** er einstaklingur í nærumhverfi barns, innan skólakerfis eða heilbrigðiskerfis. Getur verið til stuðnings ef þörf krefur. Gefur leiðbeiningar um hvert skuli leita og tryggir aðgang að þjónustu.

**Annað stig:** Markvissari stuðningur. Þörf á samþættri og samræmdri þjónustu, getur verið umfangsmikill stuðningur. **Málstjóri** er almennt frá félagsþjónustu en getur verið frá öðru kerfi, sé málið þess eðlis. Málstjóri kallar saman stuðningsteymi og ber ábyrgð á gerð stuðningsáætlunar.

**Þriðja stig:** Sérhæfðari stuðningur. Áhersla á aðgreiningu á milli annars og þriðja stigs. Afleiðingar skorts á stuðningi eru alvarlegri en á öðru stigi. Vistunarúrræði á grundvelli barnaverndarlaga, umfangsmikill og fjölþættur stuðningur við fötluð börn, búseta barns til fullorðinsára. **Málstjóri** hefur sama hlutverk og á öðru stigi en nú er um barnaverndarmál að ræða.

Sé miðað við kerfið sem hefur verið við lýði og þróun mála frá hefðbundnum stuðningi í skóla og á heilsugæslu yfir í vinnslu barnaverndarmáls er hér um mikla breytingu að ræða. Það má segja að það sem er skilgreint sem annað stig í frumvarpinu sé unnið að stórum hluta sem barnaverndarmál í dag.

**Tengiliður**, hlutverk: Veitir upplýsingar um þjónustu og aðstoðar við að tryggja aðgang að mati á þörfum. Hann skipuleggur og fylgir eftir samþættingu fyrsta stigs þjónustu og kemur jafnframt áfram upplýsingum um þörf fyrir tilnefningu málstjóra. Tekur þátt í stuðningsteymi, ef við á. Öll börn og foreldrar skuli hafa aðgang að tengilið í þjónustu í þágu farsældar barns eftir því sem þörf krefur.

**Málstjóri**, hlutverk: Veitir ráðgjöf og upplýsingar um þjónustu. Aðstoðar við að tryggja aðgang að mati og/eða greiningu á þörfum. Ber ábyrgð á gerð stuðningsáætlunar og að leiða stuðningsteymi. Hann fylgir eftir þjónustu sem er veitt í samræmi við stuðningsáætlun og veitir þeim sem sitja í stuðningsteymi ráðgjöf og upplýsingar um samþættingu.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir tveimur nýjum ríkisstofnunum, Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála (í dag, Gæða- og eftirlitsstofnun félagsþjónustu og barnaverndar) og Barna- og fjölskyldustofa (í dag, Barnaverndarstofa). Þessar stofnanir eiga að gegna mikilvægu hlutverki í innleiðingu, uppbyggingu, fræðslu, stuðningi og eftirliti til að lögin nái markmiði sínu.

Samþætting þjónustu í þágu farsældar barna er valkvæð þjónusta, þ.e.a.s. foreldrar þurfa að óska eftir samþættingu og geta hafnað henni (sjá gr. 19 – 21 í frumvarpinu).

Ítarlega er fjallað um persónuvernd og samþykki foreldra í frumvarpinu. Jafnframt rætt um farsældarráð barna sem séu svæðisbundin og í því sambandi verði horft til vinnu um svæðaskiptingu stjórnsýslunnar sem sé í gangi á vegum forsætisráðuneytisins.

Að lokum er vert að nefna að barnaverndarnefndir í núverandi mynd verða lagðar niður. Í þeirra stað komi svæðisbundnar þriggja manna fagnefndir skipaðar félagsráðgjafa, lögfræðingi og sálfræðingi. Þessar nefndir munu einungis fjalla um mál á þyngstu stigum barnaverndar. Það þýðir að hlutverk velferðarnefndar verður væntanlega viðameira.

Í Reykjanesbæ hefur mikil vinna farið fram sem auðvelda á aðlögun að nýjum lögum í þágu farsældar barna, það hefur haft í för með sér fjölgun á stöðugildum og jafnframt hefur verið ráðinn verkefnastjóri til þess að samhæfa aðgerðir. Akraneskaupstaður hefur nýlega auglýst starf verkefnastjóra til tveggja ára til þess að stýra stefnumótun og innleiðingu á samþættri þjónustu við börn og foreldra í verkefninu Barnvænt sveitarfélag.

Fleiri sveitarfélög hafa auglýst eftir fólki, sérstaklega félagsráðgjöfum. Það er mat undirritaðrar að bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar þyrfti að taka afstöðu til þess hvort ráða ætti verkefnastjóra til tímabundinnar vinnu við undirbúning og innleiðingu nýrra laga.

**Undirrituð leggur til við bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar að stofnaður verði starfshópur hið fyrsta til þess að sveitarfélagið verði sem best í stakk búið til þess að takast á við fyrrgreindar lagabreytingar. Í starfshópnum þurfa, að mati undirritaðrar, að eiga sæti pólitískt skipaðir fulltrúar, þar af einn sem færi með formennsku. Jafnframt fulltrúar frá velferðarsviði, skóla- og tómstundasviði, Heilbrigðisstofnun og Súðavíkurbreppi.**

Virðingarfyllt,

---

Margrét Geirsdóttir  
sviðsstjóri velferðarsviðs Ísafjarðarbæjar